



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2024
UST202403-406/H.E.
04.00

Efni: Til umsagnar 832. mál - Brottfall laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða

Vísað er til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 81/1997 um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, 832. mál, sem barst með tölvupósti þann 25. mars sl.

Umhverfisstofnun hefur undanfarin ár átt fulltrúa í samvinnunefnd um málefni norðurslóða sem ráðherra hefur skipað í samkvæmt 5. gr. laga nr. 81/1997. Stofnunin telur að með starfi nefndarinnar hafi skapast mikilvægur vettvangur til að tengja saman þá aðila innan stjórnáslunnar og á rannsóknarstofnunum sem kom að málefnum er varða norðurslóðir, þ.m.t. stefnumótun, og sinna rannsóknum og vöktun á norðurslóðum. Vettvangur sem þessi er nauðsynlegur til að fá yfirlit yfir rannsóknir á norðurslóðum, miðla þekkingu og reynslu og stuðla að frekari samvinnu og tengslum aðila, ekki síst til að tryggja tengsl á milli stefnumótunar stjórnvalda og rannsókna á norðurslóðum. Umhverfisstofnun telur því að samhliða brottfalli laga nr. 81/1997 um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða verði að tryggja að áfram verði til staðar formlegur vettvangur fyrir samráð og samstarf aðila sem koma að norðurslóðamállum og rannsóknum.

Virðingarfyllt

Halla Einarsdóttir,
Teymissjóri

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Sviðsstjóri